

23. maí 2022



# Fjármálaáætlun 2023 – 2027

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

**Stjórnarráð Íslands**


Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið



Lykillinn að bættum lífsgæðum og fleiri tækifærum er að hugvitið verði stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar



## Útgjaldarammi 2023 (m.kr.) eftir málefnasaviðum



## Skipting útgjalda

- Heildarútgjöld ráðuneytisins eru áætluð um 86,5 ma.kr. árið 2023
- Skiptast þau með þeim hætti að 30% fara til nýsköpunar, 1% til fjarskipta og 69% til háskólastigsins.
- Nánari útlistun á breytingum á tímabili áætlunarinnar má sjá hér á eftir.



# Hlutdeild ráðherra í fjármálaáætlun 2023 - 2027

## Málefnasvið 7: Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar\*

\*afmarkaðir hlutar eru á ábyrgð annarra ráðherra

- Málaflokkur 7.1 Samkeppnissjóðir og alþjóðlegt samstarf
- Málaflokkur 7.2 Nýsköpun, hugvitsiðnaður og samkeppnishæfni

## Málefnasvið 11: Samgöngu- og fjarskiptamál

- Málaflokkur 11.2 Fjarskipti

## Málefnasvið 21: Háskólastig

\*afmarkaður hluti á ábyrgð annars ráðherra

- Málaflokkur 21.1 Háskólar og rannsóknastarfsemi
- Málaflokkur 21.2 Stuðningur við námsmenn
- Málaflokkur 21.3 Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar




## Framtíðarsýn

Velsæld byggir á áframhaldandi sókn í rannsóknum og nýsköpun

## Meginmarkmið

Öflug fjárfesting í vísindum og nýsköpun í þágu velsældar



## Meginmarkmið

Krefjandi áskoranir s.s. í loftslags- og heilbrigðismálum, mætt með öflugum tækni- og hugverkaiðnaði

## Meginmarkmið

Áframhaldandi sókn í vísindum og nýsköpun grundvallast á öflugu alþjóðasamstarfi



# Málefnasvið 7

## Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar



# Útgjaldarammi

## Málefнасvið 7: Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Málefнасvið 7: Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	2023	2024	2025	2026	2027
Málaflokkur 7.1: Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum	14.099	13.435	13.100	13.013	12.925
Málaflokkur 7.2: Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar	11.489	12.504	13.658	14.947	16.425
Samtals:	25.588	25.939	26.758	27.960	29.350



## Útgjaldarammi, málefnasvið 7, helstu breytingar

75% af tímabundinni aukningu Tækni- og Rannsóknarsjóðs gerð varanleg. Þetta samsvarar til 1,14 ma.kr. árlega fyrir hvorn sjóð.

**Skattfrádráttur til fyrirtækja vegna rannsókna og þróunar** hækkar sem nemur 9,2 ma.kr. á tímabilinu og kemur það að hluta í stað 5,7 ma.kr. tímabundinnar fjárveitingar sem fellur niður árið 2023. Tímabundnar fjárveitingar komu m.a. til vegna mótvægisáðgerða ríkisstjórnarinnar við Covid-19 faraldrinum. Hækkunum er fylgt með breytingum á lögum um nýsköpunarfyrirtæki nr.152/2009 sem eru á forræði fjármála- og efnahagsráðherra.

Áætlað **aðhald** á málefnasviðið er 452 m.kr. á tímabilinu.





# Árangur af fjárfestingu í nýsköpun

Virknir rannsóknir, nýsköpunar og hugvitsgreina hefur aukist til muna og sú aukning kemur fram í ýmsum mælanlegum gildum á nýsköpun, hugvitsgreinum og samkeppnishæfni. Má þar nefna:

- Heildarútgjöld vegna rannsókna og þróunar hér á landi voru 2,47% árið 2020.
- Ísland mælist nú í 17. sæti af 132 þjóðum hvað varðar nýsköpunarvirkni (WIPO global innovation index) og hefur hækkað sig úr 23. sæti á fjórum árum
- Útflutningstekjur byggðar á hugvitsgreinum námu 16% af öllum útflutningi síðasta árs og hafa tvöfaldast frá árinu 2013.
- Störfum í tækni- og hugverkaiðnaði hefur fjölgað jafnt og þétt á síðustu árum.



# Væntur árangur

Við viljum halda áfram að greiða götu nýsköpunar og hugvitsgreina í íslensku samfélagi og lítum til þess að það muni m.a. skila sér í fjölgun verðmætra starfa, aukinnar virkni í vísindastarfi, fleiri einkaleyfum, auknum útflutningstekjum og nýjum tæknilausnum í þágu loftlagsmála.

Nánari útlístun á markmiðum og mælikvörðum má finna í greinargerð málefnasviðsins.



## Framtíðarsýn

Öruggir innviðir

## Meginmarkmið

Aukin samkeppnishæfni með áherslur á stafræna þróun, áreiðanleg og örugg fjarskipti og öfluga netöryggismenningu



## Markmið

Aðgengileg, greið, örugg, hagkvæm og skilvirk fjarskipti

## Markmið

Afburða hæfni og nýting netöryggistækni og öruggt netumhverfi



# Málefnasvið 11

## Málaflokkur 11.2

### Fjarskipti



# Útgjaldarammi

## Málefnaflokkur 11.2: Fjarskipti

Málefnasvið 11: Samgöngu- og fjarskiptamál	2023	2024	2025	2026	2027
Málaflokkur 11.2: Fjarskipti	964	996	1.028	1.017	1.006



## Útgjaldarammi málaflokks 11.2 Fjarskipti, helstu breytingar

Í ljósi áherslu ríkisstjórnarinnar á netöryggismál er gert ráð fyrir 146 m.kr. varanlegu framlagi til að mæta alþjóðlegum skuldbindingum.

Vinna stendur yfir við að fjármagna netöryggisstefnu til ársins 2036 sem staðfest var í nóvember sl.



# Væntur árangur

Með þeim fjármunum sem við erum að veita til fjarskiptamála (í samspili við reglusetningu, hagræna hvata og hnippingar) má m.a. vænta eftirfarandi árangurs á tímabili áætlunarinnar:

- 98% aðgengi lögheimila og vinnustaða að ljósleiðaratengingu auk fyrirsjáanleika um uppbyggingu gagnvart þeim sem eftir eru.
- 87% aðgengi að 5G - 99,9% aðgengi að 4G – GSM og 3G verður lagt niður.
- 99% aðgengi að farsíma og 10Mb/s gagnasambandi á helstu stofn- og þjóðvegum utan þéttbýlis.
- Verð á helstu fjarskiptaþjónustu undir meðaltali í Evrópu.

Nánari upplýsingar má finna í greinagerð málefnasviðs.



## Framtíðarsýn

Nemendur búnir undir  
tækifæri  
þekkingarsamfélagsins

## Meginmarkmið

Samkeppnishæft háskóla-  
og rannsóknastarf



## Meginmarkmið

Sterk tengsl háskóla við  
samfélag og atvinulíf.

## Meginmarkmið

Öflugt rannsóknarumhverfi





# Málefnasvið 21

## Háskólastig



# Útgjaldarammi

## Málefnasvið 21: Háskólastig

Málefnasvið 21: Háskólastig	2023	2024	2025	2026	2027
Málaflokkur 21.1: Háskólar og rannsóknastarfsemi	51.609	51.599	52.547	52.309	50.464
Málaflokkur: 21.3 Stuðningur við námsmenn	6.826	7.022	7.471	7.802	7.802
Málaflokkur 21.4: Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar	1.510	1.555	1.560	1.560	1.560
Samtals:	59.945	60.176	61.578	61.670	59.825



## Útgjaldarammi málefnasviðs 21, helstu breytingar

- Hækkun á úthlutunum til Menntasjóðs námsmanna m.a. vegna framfærslu barna, 3% fjölgunar nemenda og verðlagsuppfærslu nemur 1,3 ma.kr. á tímabilinu.
- Aðgerðir til að fjölga kennaranemum eru 20 m.kr. árlega til ársloka 2024.
- Stofnaður var nýr málaflokkur 21.4 Stjórnarsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar sem heldur utan um rekstur ráðuneytisins og Rannís.



# Væntur árangur

- Það er forgangsverkefni að endurskoða fjármögnun til háskóla svo að þeir geti skapað grundvöll þess að hugvitið verði stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar.
- Auka gæði náms og námsumhverfis í háskólum.
- Styrkja rannsóknarstarf og umhverfi þess.
- Auka tengsl háskóla og rannsóknastofnana í samfélaginu.
- Ráðuneytið ætlar sér með breyttu vinnulagi að leysa krafta úr læðingi og leiða saman það afl sem býr í háskólum, vísindum, nýsköpun, iðnaði, fjarskiptum og upplýsingatækni.



# Velsæld og jafnrétti

Markmið og verkefni þeirra málefnasviða sem undir ráðuneytið heyra vinna að mörgum þeim velsældaráherslum sem ríkisstjórnin hefur markað sér í áætluninni eins og grósku í nýsköpun, bættum samskiptum við almenning, kolefnishlutlausri framtíð og virkni í námi og starfi.

Tækifæri eru til þess að jafna stöðu kynjanna á þeim málefnasviðum sem falla undir ráðuneytið. Mun það vera haft til hliðsjónar í þeim verkefnum sem framundan eru.